

389. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 24. júní 2026 kl. 16:00.



Mættir: Willum Þór Þórsson forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Kári Mímisson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurjón Sigurðsson, Hafsteinn Pálsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Helga Þórðardóttir starfsmaður Stjórnsýslusviðs ÍSÍ.

Teams: Heimir Örn Árnason og Trausti Gylfason.

Forföll: Anton Sveinn McKee, Daníel Jakobsson gjaldkeri, Elsa Nielsen, Hjördís Guðmundsdóttir, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Þórdís Anna Gylfadóttir og Viðar Garðarsson.

Gestir: Steinþór Rafn Matthíasson og Ragnhildur Skúladóttir.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Kynning á smáforriti fyrir almenningsíþróttaverkefni ÍSÍ

Forseti bauð velkomin á fundinn Steinþór Rafn Matthíasson frá Concept og Ragnhildi Skúladóttur sviðstjóra Fræðslu- og almenningsíþróttasviðs ÍSÍ. Kynnt var vinna við smáforrit sem ætlað er að halda utan um almenningsíþróttaverkefni ÍSÍ í stað núverandi kerfis. Farið var yfir stöðu verkefnisins og næstu skref.

Forseti þakkaði fyrir greinargóða kynningu. Gestirnir fóru af fundi.

2. Starfsemisyfirlit

2.01 Samantekt skrifstofu

Lögð fram. Umræður og fyrirspurnir urðu um einstaka liði samantektarinnar.

2.02 Samantekt svæðisstöðva

Lögð fram mánaðarskýrsla frá svæðisstöðvunum.

2.03 Heiðursviðurkenningar sem samþykktar voru með rafrænum hætti á milli funda

Rafræn ákvörðun um heiðranir sem framkvæmdastjórn ÍSÍ afgreiddi á milli funda skráðar hér formlega í fundargerð:

- **HSK** – Samþykkt að sæma Marteín Sigurgeirsson, Jón Birgi Guðmundsson og Sigríði Önnu Guðjónsdóttur Gullmerki ÍSÍ fyrir störf þeirra í þágu íþróttahreyfingarinnar. Merkin voru afhent á afmælishátíð Umf. Selfoss 31. maí sl.

2.04 Umsókn USVS um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ

Rafræn samþykkt framkvæmdastjórnar um umsókn USVS um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ staðfest formlega í fundargerð.

2.05 Fundargerð 388. fundar framkvæmdastjórnar

Lögð fram. Engar athugasemdir bárust og fundargerðin samþykkt.

2.06 Fundargerð AMÍ frá 18. júní 2026

Lögð fram.

3. Stefnumótun

Forseti og Kári Mímísson, formaður Stefnumótunarráðs ÍSÍ, fóru yfir stöðu stefnumótunarvinnunnar. Fram kom að fyrsta fasa vinnunnar væri að ljúka og að næstu skref fælust meðal annars í aðgerðarbindingu stefnunnar, frekari greiningu og undirbúningi fyrir formannafund. Einnig var rætt um skipulagsmál og innleiðingu stefnunnar til framtíðar.

4. Starfsskýrslur íþróttahreyfingarinnar

25 félög fóru í keppnisbann 18. júní 2026 þar sem þau höfðu ekki skilað starfsskýrslu í starfsskýrslukerfi íþróttahreyfingarinnar eða fengið frest til að skila umbeðnum upplýsingum. Fram kom að 13 þessara félaga hefðu ekki skilað upplýsingum í kerfið síðastliðin þrjú ár eða lengur.

5. Stjórnarsáttmálaráð – staða samþykktar íþróttapings ÍSÍ 2025

Ragnheiður Ríkharðsdóttir formaður ráðsins fór yfir stöðu mála. Fram kom að kallað hefði verið eftir upplýsingum frá nefndum og vinnuhópum um stöðu verkefna á grundvelli samþykktar íþróttapings ÍSÍ 2025. Málið verður tekið aftur upp á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

6. Erindi

6.01 Þakkarbréf frá Liechtenstein vegna Smáþjóðaleika

Framhald af áður bókuðu máli vegna beiðni Ólympíunefndar Liechtenstein um breytingu á röð gestgjafahlutverks Smáþjóðaleikanna 2033 og 2035. Fyrir liggur að Ísland tók jákvætt í erindið og hefur nú borist þakkarbréf frá Ólympíunefnd Liechtenstein af því tilefni.

6.02 Bréf mennta- og barnamálaráðuneytis til FSÍ vegna keppenda frá Rússlandi og Belarús

Lagt fram bréf frá mennta- og barnamálaráðuneytinu til Fimleikasambands Íslands vegna tillögu um að aflétta keppnisbanni rússnesks og belarússnesks fimleikafólks á alþjóðamótum. Málið var kynnt og rætt.

6.03 Áskorun UÍF til yfirvalda íþróttamála, sveitarfélaga, ÍSÍ og UMFÍ varðandi ferðakostnað íþróttafélaga á landsbyggðinni

Lögð fram.

6.04 Áskorun ÍBA til yfirvalda íþróttamála, sveitarfélaga, ÍSÍ og UMFÍ varðandi ferðakostnað íþróttafélaga á landsbyggðinni

Lögð fram.

6.05 Beiðni frá HSÍ til ÍSÍ varðandi niðurfellingu húsaleigu

Framkvæmdastjórn tók fyrir erindi HSÍ um niðurfellingu húsaleiguskuldar. Umræður urðu um fjárhagsstöðu sambandsins og mögulegar leiðir til úrlausnar.

Samþykkt að vísa málinu til framkvæmdaráðs og fjármálaráðs til frekari umfjöllunar og tillögugerðar um hvernig megir aðstoða sambandið.

7. Ársþing sambandsaðila

Forseti skýrði frá undangengnum þingum sambandsaðila. Hann þakkaði þeim sem hafa tekið að sér þingheimsóknir og sjálfbóðaliðum íþróttahreyfingarinnar fyrir óeigingjarnt starf.

8. Til afgreiðslu

8.01 Fundargerð laganefndar ÍSÍ

Tillögur laganefndar um afgreiðslu mála, sbr. fundargerð, samþykktar.

8.02 1. úthlutun 2026 í kostnaðarþátttöku ungmenna í landsliðsstarfi

Forseti ÍSÍ lagði fram minnisblað AMÍ um fyrstu úthlutun ársins 2026 úr Ungmennalandsliðssjóði vegna kostnaðarþátttöku ungmenna í landsliðsstarfi. Tillagan byggði á úthlutunarreglum vegna kostnaðarþátttöku sem framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkti 15. apríl sl. Fram kom að fimmtán sérsambönd hefðu staðfest mótaþátttöku ungmenna á tímabilinu og að heildarstyrkfjárhæð næmi kr. 20.186.534.

Framkvæmdastjórn samþykkti tillöguna samkvæmt framlögðu minnisblaði.

8.03 Viðbót við úthlutun 2025 í kostnaðarþátttöku ungmenna í landsliðsstarfi

Forseti ÍSÍ lagði fram minnisblað AMÍ um viðbótarúthlutun í kostnaðarþátttöku ungmenna í landsliðsstarfi vegna ársins 2025. Um var að ræða tvær umsóknir frá DSÍ og SKÍ sem bárust eftir að lokaúthlutun ársins hafði verið staðfest.

Framkvæmdastjórn samþykkti að taka umsóknirnar til afgreiðslu og samþykkti viðbótarstyrki að fjárhæð samtals kr. 4.756.250.

8.04 Framlenging á starfslaunum afreksíþróttafólks

Forseti ÍSÍ lagði fram minnisblað AMÍ um framlengingu starfslaunasamninga afreksíþróttafólks sem nú er á starfslaunum. Olga Bjarnadóttir formaður stjórnar AMÍ skýrði nánar frá málinu. Fram kom að endurskoðun væri í gangi á regluverki, vinnulagi og samningum tengdum afreksfjármagni og talið æskilegt að þeirri vinnu lyki áður en auglýst yrði eftir nýjum umsóknum. Jafnframt var litið til þess að stórmót fari fram í mörgum íþróttagreinum í sumar og að æskilegt sé að umsóknir um starfslaun og umsóknir í Afrekssjóð séu unnar samhliða til að forðast tvíverknað.

Framkvæmdastjórn samþykkti tillöguna.

8.05 Beiðni Íþróttafélagsins Harðar um endurskoðun á ákvörðun framkvæmdastjórnar um breytingu á nafni félagsins

Lagt var fram minnisblað stjórnarsýslusviðs vegna beiðni Íþróttafélagsins Harðar um að fá viðurkennda nafnabreytingu félagsins í HHF-íþróttafélag. Framkvæmdastjórn ákvað að staðfesta fyrri niðurstöðu og hafna beiðni félagsins um endurskoðun.

8.06 Fundargerð 388. fundar framkvæmdastjórnar

Lögð fram og samþykkt.

9. Viðburðir

Farið var yfir viðburði sem framundan eru.

10. Næstu fundir

Næstu fundir verða miðvikudagana 19. ágúst nk., 16. september nk. og 21. október nk.

11. Önnur mál

11.01 Samskiptaráðgjafi og stefna um verndun og velferð

Rætt var um drög að reglugerð um samskiptaráðgjafa og innleiðingu stefnu um verndun og velferð innan íþróttahreyfingarinnar. Fram kom að mikilvægt væri að rýna drögin vel og koma á framfæri umsögn um þau.

Samþykkt að vinna áfram að innleiðingu stefnu um verndun og velferð og að senda umsögn um drög að reglugerð um starf samskiptaráðgjafa.

11.02 Tillaga að nýrri tímasetningu á Íþróttþingi

Lögð fram tillaga að nýrri tímasetningu Íþróttþings. Samþykkt var að Íþróttþing færi fram dagana 7.–8. maí.

11.03 Samstarfssamningur við HÍ

Lagður fram samstarfssamningur við Háskóla Íslands. Rætt var um áframhaldandi samstarf við HR og að formgera samkomulag þess efnis. Jafnframt var rætt um að halda áfram samtali við Háskólann á Akureyri og framhaldsskólana um mögulegt samstarf.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Helga Þórðardóttir, fundarritari.